



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/885
komudagur 25.2.2002

Reykjavík, 19. febrúar 2002

R00110095

175

GE/is

Alþingi - Félagsmálanefnd
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um vatnsveitur - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis frá 29. f.m. ásamt frumvarpi til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt lögð fram umsögn borgarlögmanns frá 18. þ.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:
Borgarlögmaður



Borgarráð

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 með síðari breytingum..

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir annars vegar ráð fyrir að sveitarfélagið verði veitt fullt vald til að ákveða rekstrarform vatnsveitu sem það rekur. Hins vegar er lagt til að eiganda vatnsveitu verði heimilað að áskilja sér afgreiðslu sem numið geti allt að 7% af eigin fé vatnsveitunnar. Síðarnefnda breytingin er til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á orkulögum varðandi rafveitur og hitaveitur. Borgarstjórinn í Reykjavík óskaði eftir að orkulögum og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga yrði breytt í þessa veru árið 1998. Lagt er til að borgarráð mæli með samþykkt frumvarpsins.

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur hefur óskað eftir að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991. Athugasemdir forstjóra Orkuveitunnar eru eftirfarandi:

Lög um vatnsveitur sveitafélaga :

Tillögur að breytingum á 4. gr. og 8. gr.:

4. gr.

4.gr. endar á þessari setningu. "Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar".

Lagt er til að þessi setning verði felld út þar sem hún skapar misskilning.

8.gr.

Lagt er til að fyrsta málsgrein hljóði svo:

"Af öllu atvinnuhúsnæði og af íbúðum þar sem notkun er meiri en hefðbundin heimilisnotkun er heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald".

Núverandi orðalag hefur skapað misskilning þar sem komið hefur fyrir að eigendur atvinnuhúsnæðis þar sem ekki er mikil vatnsnotkun hafa í einstaka tilfellum talið að þeim bæri ekki að greiða aukavatnsgjald. Það að leggja á aukavatnsgjald eða ekki eftir vatnsnotkun skapar hins vegar ringulreið hjá vatnsveitunum og mjög erfitt er skv. jafnræðisreglu að innheimta slíkt gjald einungis hjá sumum en ekki öllum fyrirtækjum í sömu grein. Lagt er til að borgarráð óski eftir að félagsmálanefnd Alþingis taki athugasemdir forstjóra Orkuveitunnar til meðferðar.

Hjörleifur B. Kvaran